



HRUNAMANNAHREPPUR

39. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

KJÖRTÍMABILID 2010 – 2014 5. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 6. JÚNÍ 2013

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 6. júní 2013 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 2 mál, kjör oddvita og varaoddvita og forkaupsréttur vegna Háskólafélags Suðurlands ehf. Hreppsnefnd samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Umhverfisstofnun: Kynning vegna fyrirhugaðar friðlýsingar á Kerlingarfjallasvæðinu samkvæmt rammaáætlun.
2. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps.
3. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi.
4. Skólaskrifstofa Suðurlands.
5. Félag sumarhúsaeyganda í Heiðarbyggð II. Brunavarnir.
6. Samstarfs- og þjónustusamningur við Björgunarfélagið Eyvind.
7. Hugmyndir um umhverfisstefnu frá nemendum Flúðaskóla.
8. Velferðarþjónusta Árneshvíls: Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu.
9. Umboðsmaður barna: Ósk um upplýsingar um ungmennaráð frá umboðsmanni barna.
10. Racing the Planet: Ósk um leyfi vegna hlaupsins Racing the Planets á Íslandi 2013.
11. Friðarhlaupið.
12. Fjarskiptamál sveitarfélaga.
13. Rannsóknir í Skipholtskróki. Beiðni um áframhaldandi rannsóknir.
14. Verðkönnun vegna Blátunnu.
-liggur frammi á fundinum-
15. Skipulagsmál. Miðsvæði Flúða.
-liggur frammi á fundinum-
16. Íbúðir eldri borgara. Nemaverkefni.
17. Næsti fundur hreppsnefndar.
18. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Umhverfisnefnd: Ellefti fundur Umhverfisnefndar frá 21. maí s.l.
20. Fræðslunefnd: Fundargerð 20. fundar vegna Undralands frá 29. maí s.l.
21. Fræðslunefnd: Fundargerð 23. fundar vegna Flúðaskóla frá 29. maí s.l.
22. Veitustjórn: Fundargerð 26. fundar veitustjórnar frá 4. júní s.l.
-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneshvíls og Flóahrepps:

23. 59. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 27. maí s.l. og afgreiðslufundur byggingafulltrúa, afgreidd mál frá 23. apríl til 24. maí 2013.
Mál nr. 8: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
Mál nr. 10: Hvítárdalur 166775.
Mál nr. 38: Svæðisskipulag.
24. Velferðarnefnd Árneshvíls: 17. fundur Velferðarnefndar Árneshvíls frá 15. maí s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Stjórn þjónusturáðs um málefni fatlaðra á Suðurlandi: 3. fundur stjórnar frá 24. apríl s.l.
- b. Stjórn þjónusturáðs um málefni fatlaðra á Suðurlandi: 4. fundur stjórnar frá 10. maí s.l.

- c. Héraðsnefnd Árneseinga bs: 1. fundur Héraðsnefndar Árneseinga sem byggðasamlag frá 8. maí 2013.
- d. Tónlistarskóli Árneseinga: Héraðsnefndarfundur 8. maí 2013.
- e. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 150. fundar stjórnar frá 22. maí s.l.
- f. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fundargerð 7. aðalfundar frá 18. október s.l.
- g. SASS: Fundargerð 467. fundar stjórnar frá 30. maí s.l.

Kynningarmál:

- h. Samtök ferðapjónustunnar: Endurbætur á Kjalvegi.
- i. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Umsögn vegna gjaldskrár um hunda- og kattahald.
- j. Umhverfisstofnun: Viðmiðunartaxtar ríkisins vegna minkaveiða uppgjörstímabilið 1. sept. 2012 – 31. ágúst 2013.
- k. Forsætisráðuneytið: Upplýsingar um meðferð og nýtingu þjóðlenda.
- l. Skipulagsstofnun: Skipulagsfulltrúar sem skráðir eru hjá Skipulagsstofnun í maí 2013 og tilkynning um breytt verklag stofnunarinnar við skráningu skipulagsfulltrúa og þeirra sem sinna skipulagsgerð.
- m. Heilsuþorpið á Flúðum.
- n. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru 2013.
- o. Hagsmunasamtök heimilanna: Stöðvun á nauðungarsólum án dómsúrskurðar.
- p. Stefnumörkun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
- q. Húsnæði fyrir grasrótar- og félagasamtök.
- r. Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands: Ársskýrsla ÍSÍ 2013 og tölfræðirit.
- s. Ferðamálastofa: Leiðbeiningar um öryggismál ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa.
- t. Listasafn Árneseinga: Sýningar ársins.

Fundir framundan:

- u. Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands ehf á Flúðum 6 júní

Skýrslur á skrifstofu:

- v. Íþróttta- Ólympíusamband Íslands: Ársskýrsla 2013 og tölfræðirit.
- w. Hitaveita Grafarhverfis ehf: Ársreikningur 2012.
- x. Fjölbautarskóli Suðurlands: Fjárfestingareikningur ársins 2012.
- y. Héraðsskjalasafn Árneseinga: Ársreikningur 2012.
- z. Listasafn Árneseingar: Ársreikningur 2012.
- aa. Byggðasafn Árneseinga: Ársreikningur 2012.
- bb. Héraðsnefnd Árneseinga: Ársreikningur 2012.
- cc. Eignarhaldsfélag Suðurlands: Ársreikningur 2012.
- dd. Virk: Ársrit um starfsendurhæfingu 2013.
- ee. Upplýsingar vegna Velferðarþjónustu Árneseings.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Umhverfisstofnun: Kynning vegna fyrirhugaðar friðlýsingar á Kerlingarfjallasvæðinu samkvæmt rammaáætlun.**
Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisstofnun vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar á Kerlingarfjallasvæðinu samkvæmt rammaáætlun. Á fundinn mættu þær Hildur Vésteinsdóttir og Sigrún Ágústsdóttir frá Umhverfisstofnun og kynntu málið. Hreppsnefnd þakkar þeim Hildi og Sigrúnu fyrir fróðlega kynningu og tilnefni Halldóru Hjörleifsdóttur í vinnuhóp vegna verkefnisins.
2. **Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti nýja samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps en málið er nú tekið til seinni umræðu. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samþykkt og felur sveitarstjóra að senda hana til Innanríkisráðuneytisins til staðfestingar og birtingar.
3. **Siðareglur kjörinna fulltrúa í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti siðareglur kjörinna fulltrúa Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi siðareglur.
4. **Skólaskrifstofa Suðurlands.**
Oddviti kynnti ályktun fundar fulltrúa aðildarsveitarfélaga Skólaskrifstofu Suðurlands utan Árborgar frá 29. maí s.l. Eftir úrsögn Árborgar úr Skólaskrifstofunni og eftir samræður þeirra sveitarfélaga sem eftir standa, þá beindi fundurinn þeim tilmælum til aðildarsveitarfélaga sem eftir væru að þau

fari að fordæmi Árborgar og segðu sig úr Skólaskrifstofu Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir að segja sig úr Skólaskrifstofu Suðurlands og jafnframt verði sú sérfræðiþjónusta sem þar var veitt samþætt velferðarþjónustu Árneshvíls. Þá beinir hreppsnefnd því til yfirstjórnar velferðarþjónustu Árneshvíls (NOS) að flýta þeirri vinnu sem nauðsynleg er til að samþætta sérfræðiþjónustuna við velferðarþjónustu Árneshvíls þannig að skólastarf bíði ekki hnekki af þessum breytingum. Hreppsnefnd harmar að svona skuli vera komið fyrir sameiginlegu verkefni sveitarfélaganna á Suðurlandi og vísar ábyrgð á þessari niðurstöðu á hendur sveitarfélagsins Árborgar. Jafnframt vill hreppsnefnd færa starfsmönnum Skólaskrifstofu Suðurlands þakkir fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina.

5. **Félag sumarhúsa eiganda í Heiðarbyggð II. Brunavarnir.**

Oddviti kynnti bréf frá Félagi sumarhúsa eiganda í Heiðarbyggð II þar sem það lýsir áhyggjum af brunavörnum fyrir sumarhúsin í Heiðarbyggð II. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og veitustjóra í samvinnu við slökkviliðsstjóra Brunavarna Árneshvíls að svara erindinu.

6. **Samstarfs- og þjónustusamningur við Björgunarfélagið Eyvind**

Oddviti kynnti endurnýjun á samstarfs- og þjónustusamningi við Björgunarfélagið Eyvind um þau verkefni er félagið tekur að sér fyrir sveitarfélagið. Hreppsnefnd samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Halldóra víkur sæti við afgreiðslu málsins.

7. **Hugmyndir um umhverfisstefnu frá nemendum Flúðaskóla.**

Oddviti kynnti bréf frá nemendum Flúðaskóla þar sem þau koma fram með ýmsar hugmyndir að umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið. Hreppsnefnd þakkar fyrir erindin og vísar þeim til umfjöllunar í Umhverfisstofnu.

8. **Velferðarþjónusta Árneshvíls: Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu.**

Oddviti kynnti bréf frá Velferðanefnd Árneshvíls þar sem kynntar eru reglur og gjaldskrár Velferðarþjónustu Árneshvíls og óskað er eftir að sveitarfélagið taki ákvörðun um hvort hefja eigi gjaldtöku vegna félagslegrar heimaþjónustu vegna þrifa. Hreppsnefnd samþykkir að taka upp gjald fyrir félagslega heimaþjónustu vegna þrifa frá og með 1. janúar 2014 enda verði þess gætt að gjaldið verði í samræmi við tekjur þjónustupega og gjaldfrjálst verði fyrir þá sem lægstar tekjur hafa.

9. **Umboðsmaður barna: Ósk um upplýsingar um ungmennaráð frá umboðsmanni barna.**

Oddviti kynnti bréf frá Umboðsmanni barna þar sem óskað er eftir svörum vegna ungmennaráðs. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að svara erindinu og felur honum í samráði við félagsmiðstöðina að stofna ungmennaráð.

10. **Racing the Planet: Ósk um leyfi vegna hlaupsins Racing the Planets á Íslandi 2013.**

Oddviti kynnti bréf frá framkvæmdaraðilum hlaupsins Racing the Planet 2013 þar sem hlaupið er frá Kerlingarfjöllum og í Bláa Lónið og óskað eftir leyfi frá Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að undirrita nauðsynlega samninga.

11. **Friðarhlaupið.**

Oddviti kynnti bréf frá framkvæmdaraðilum Friðarhlaupsins, þar sem sveitarfélaginu er boðið að vera þátttakandi í þessu verkefni og planta friðartré þann 22. júní er hlaupið verður í okkar sveitarfélagi. Hreppsnefnd samþykkir erindið.

12. **Fjarskiptamál sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti fyrirhugað málþing um fjarskiptamál sem halda á að Borg 18. júní n.k. sem opið er öllum sveitarstjórnarmönnum.

13. **Rannsóknir í Skipholtsskróki. Beiðni um áframhaldandi rannsóknir.**

Oddviti kynnti bréf frá Þórarni Þórarinssyni þar sem óskað er eftir áframhaldandi leyfi til rannsókna í Skipholtsskróki í júlí í sumar. Hreppsnefnd samþykkir erindið.

14. **Verðkönnun vegna Blátunnu.**

Oddviti kynnti niðurstöðu verðkönnunar í hirðingu blátunnu í Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir að hafna öllum framkomnum boðum skv. verðkönnuninni í hirðinguna en samþykkir jafnframt að ganga til samninga til tveggja ára við Tómas Þóri Jónsson um útfærslu á hirðingu blátunnunnar.

15. Skipulagsmál. Miðsvæði Flúða.

Oddviti kynnti minnisblað vegna fundar með Vegagerðinni vegna niðurstöðu íbúakosninga, frumdrög að deiliskipulagstillögu vegna miðsvæðis Flúða og hugmyndir skipulagsráðgjafa um áframhald verksins. Hreppsnefnd líst vel á stöðu verksins og felur oddvita og sveitarstjóra að útfæra framhaldið í samráði við skipulagsráðgjafa.

16. Íbúðir eldri borgara. Nemaverkefni.

Oddviti kynnti hugmynd um nemaverkefni á hönnun fyrir íbúðir eldri borgara á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að taka þátt í nemaverkefninu.

17. Næsti fundur hreppsnefndar.

Hreppsnefnd samþykkir að næsti fundur hreppsnefndar verði fimmtudaginn 15. ágúst nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

18. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.

Hreppsnefnd samþykkir að skrifstofur Hrunamannahrepps verði lokaðar í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 8. júlí til og með 26. júlí nk.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

19. Umhverfisnefnd: Ellefti fundur Umhverfisnefndar frá 21. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar Umhverfisnefndar. Ákveðið var hver skuli hljóta umhverfisverðlaun 2013, rætt um samskipti ruslamálaráðherra við umhverfisnefnd vegna skipulagningu rusladagsins og óskað upplýsinga um kynningarefni vegna sorpflokkunar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

20. Fræðslunefnd: Fundargerð 20. fundar vegna Undralands frá 29. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar vegna Undralands. Þar var farið yfir skýrslu leikskólastjóra, starfsmannahald, skóladagatal og skólastefnu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

21. Fræðslunefnd: Fundargerð 23. fundar vegna Flúðaskóla frá 29. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 23. fundar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólastjóra, skóladagatal næsta árs, rekstur Flúðaskóla, starfsmannamál, talþjálfun og skólastefnu. Hreppsnefnd samþykkir að talmeinafræðingur verði ráðinn í 20% starf til reynslu í eitt ár en hann mun starfa fyrir leik- og grunnskóla. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

22. Veitustjórn: Fundargerð 26. fundar veitustjórnar frá 4. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 26. fundar veitustjórnar. Farið var yfir álagspróf á stofnlögn í vesturbæ Flúða, umsókn um heitt vatn að Sóleyjarbakka, fundargerð aðalfundar Hitaveitu Grafarhverfis ehf og ársreikning 2012. Þá var rætt um brunahanamál, vatnsöflun fyrir úðakerfi í Límtré, framkvæmdir sumarsins og starfsmannamál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

23. 59. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 27. maí s.l, og afgreiðslufundur byggingafulltrúa, afgreidd mál frá 23. apríl til 24. maí 2013.

Mál nr. 8: Afgreiðslu byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúar frá 23.apríl til 24.maí

Mál nr. 10: LB_Hvítárdalur lnr.166775 – ný 17,53 ha spilda.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir stofnun 17,53 ha spildu úr landi Hvítárholts (lnr.166775) með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda.

Mál nr.38: Svæðisskipulag.

Hreppsnefnd samþykkir að stofnuð verði svæðisskipulagsnefnd sem vinni að undirbúningi svæðisskipulags fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins. Samþykkt er að skipa Ragnar Magnússon sem fulltrúa Hrunamannahrepps og Halldóru Hjörleifsdóttur til vara.

24. Velferðarnefnd Árneshrepps: 17. fundur Velferðarnefndar Árneshrepps frá 15. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar Velferðarnefndar Árneshrepps. Stjórnarmeðlimir úr félagi eldri borgara í Biskupstungum, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi mættu á fundinn. Rædd var staða eldri borgara í Uppsveitum. Þá var farið yfir trúnaðarmál, félagsmálastjóri fór yfir stöðu málefna fatlaðs fólks á þjónustusvæði Suðurlands og störf þjónusturáðs og kynnt skýrsla Unicef. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

25. Kjör oddvita og varaoddvita.

Lögð var fram tillaga um Ragnar Magnússon sem oddvita hreppsnefndar út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá. Einnig var lögð fram tillaga um Halldóru Hjörleifsdóttur sem varaoddvita út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá.

26. Forkaupsréttur vegna Háskólafélags Suðurlands ehf.

Oddviti kynnti beiðni frá Háskólafélagi Suðurlands ehf um hvort Hrunamannahreppur myndi nýta sér forkaupsrétt vegna hlutafjánhækkunar vegna innkomu sveitarfélagsins Hornafjarðar í félagið. Hreppsnefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum og býður Hornfirðinga velkomna í félagið.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Stjórn þjónusturáðs um málefni fatlaðra á Suðurlandi: 3. fundur stjórnar frá 24. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Stjórn þjónusturáðs um málefni fatlaðra á Suðurlandi: 4. fundur stjórnar frá 10. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Héraðsnefnd Árnesinga bs: 1. fundur Héraðsnefndar Árnesinga sem byggðasamlag frá 8. maí 2013.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Tónlistarskóli Árnesinga: Héraðsnefndarfundur 8. maí 2013.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 150. fundar stjórnar frá 22. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Fundargerð 7. aðalfundar frá 18. október s.l.** Lagt fram til kynningar.
- g. **SASS: Fundargerð 467. fundar stjórnar frá 30. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- h. **Samtök ferðapjónustunnar: Endurbætur á Kjalvegi.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Umsögn vegna gjaldskrár um hunda- og kattahald.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Umhverfisstofnun: Viðmiðunartaxtar ríkisins vegna minkaveiða uppgjörstímabilið 1. sept. 2012 – 31. ágúst 2013.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Forsætisráðuneytið: Upplýsingar um meðferð og nýtingu þjóðlenda.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Skipulagsstofnun: Skipulagsfulltrúar sem skráðir eru hjá Skipulagsstofnun í maí 2013 og tilkynning um breytt verklag stofnunarinnar við skráningu skipulagsfulltrúa og þeirra sem sinna skipulagsgerð.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Heilsuþorpið á Flúðum.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru 2013.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Hagsmunasamtök heimilanna: Stöðvun á nauðungarsölum án dómsúrskurðar.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Stefnumörkun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Húsnæði fyrir grasrótar- og félagasamtök.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands: Ársskýrsla ÍSÍ 2013 og tölfraeðirit.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Ferðamálastofa: Leiðbeiningar um öryggismál ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Listasafn Árnesinga: Sýningar ársins.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- u. **Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands ehf á Flúðum 6 júní.**

Skýrslur á skrifstofu:

- v. **Íþrótt- Ólympíusamband Íslands: Ársskýrsla 2013 og tölfraeðirit.**
- w. **Hitaveita Grafarhverfis ehf: Ársreikningur 2012.**

- x. **Fjölbrautarskóli Suðurlands: Fjárfestingareikningur ársins 2012.**
- y. **Héraðsskjalasafn Árnesinga: Ársreikningur 2012.**
- z. **Listasafn Árnesingar: Ársreikningur 2012.**
- aa. **Byggðasafn Árnesinga: Ársreikningur 2012.**
- bb. **Héraðsnefnd Árnesinga: Ársreikningur 2012.**
- cc. **Eignarhaldsfélag Suðurlands: Ársreikningur 2012.**
- dd. **Virk: Ársrit um starfsendurhæfingu 2013.**
- ee. **Upplýsingar vegna Velferðarþjónustu Árnesþings.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:15.